

87. fundur í Safna- og menningarmálanefnd

Fimmtudaginn 19.03.2015 kl 20:30 haldinn í Ráðhúsinu.

Mættir voru: Bjarki Hjörleifsson sem ritar fundargerð, Dagbjört Höskuldsdóttir, Ingibjörg H. Ágústsdóttir, Ragnheiður Valdimarsdóttir, Ægir Jóhannsson.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Efni fundar:

- 1) Ársskýrsla frá Amtbókasafni Stykkishólms
- 2) Húsnæðismál Amtbókasafns Stykkishólms
- 3) Bréf frá Magnúsi Einarssyni
- 4) Opin fundur um safna og menningarmál
- 5) Önnur mál.

Helst var rætt:

- 1) *Ársskýrsla frá Amtbókasafni Stykkishólms.* Ragnheiður Óladóttir, forstöðumaður amtþókasafns Stykkishólms var boðuð á fund safna og menningarmálanefndar þar sem hún kynnti ársskýrslu Amtþókasafnsins fyrir árið 2014. Ragnheiður greindi meðal annars frá helstu tekjulindum safnsins, árskortum, sekta vegna vanskila og að safnið átti á að giska einar 50.000 bækur. Einnig greindi hún frá helstu viðburðum ársins í Vatnasafninu. Ragnheiður Óladóttir lagði jafnframt til að Safna og menningarmálanefnd útbyggi gjaldsskrá fyrir vatnasafnið en talsvert er um útlán á húsinu, gjaldskráin yrði þá að virða samninga við „Art Angel“ um hóflega gjaldtöku. Ragnheiður lauk máli og lagði útprentaða skýrslu í hendur formanns.
- 2) *Húsnæðismál Amtþókasafns Stykkishólms.* Ragnheiður Valdimarsdóttir, formaður nefndar fór yfir sögu mála. Ragnheiður undirstrikaði mikilvægi þess að við stæðum við bakið á bókasafninu og sagði mikilvægt að bókasafnið færi í viðunnandi húsnæði. Ægir Jóhannsson sagði frá formála þess að safnið var fært á núverandi stað og að þeirri ákvörðun hafi fylgt mikið fjaðrafok. Jafnframt minntist hann á hugmyndir um sameiningu skólabókasafns og Amtþókasafnsins hefðu ekki þótt æskilegar. Dagbjört Höskuldsdóttir tók til máls og rakti líttillega forsögu málsins og vitnaði meðal annars í greinar úr Stykkishólmspóstinum bæði eftir Rakel Olsen og Ægi Jóhannsson frá árinu 2006. Í þeim greinum var höfundum einhugað um hag bókasafnsins og en þar talaði Rakel meðal annars um leyndarhyggju og metnaðarleysi í framtíðarmálefnum Amtþókasafnsins. Dagbjört lagði jafnframt áherslu á að þegar safnið yrði næst flutt

færi það í framtíðarhúsnæði. Á máli nefndarmanna mátti greina að umræðan sem skapast hefur í kringum sölu á bókasafnshúsinu snúist fyrst og fremst um hver fái húsnæðið en ekki hvað eigi að verða um Amtbókasafnið. Þá kom Ingibjörg Ágústdóttir því að, að upplýsingar skorti varðandi málið og voru nefndarmenn því samþykkir. Það var einarðleg afstaða nefndarinnar varðandi húsnæðismál Amtbókasafns að hagsmunir þess skuli tryggðir, að bókasafnslög séu virt og málinu fundinn viðunandi farvegur. Það er samdóma álit nefndarmanna að Amtsbókasafnið verði ekki flutt í annað bráðabirgðahúsnæði, heldur beint í framtíðarhúsnæði, ef hreyft verður við því. Þá er nefndin ósátt við að hafa ekki fengið neinar upplýsingar frá bæjaryfirvöldum hvert bókasafnið fer eftir flutning, þar sem það er hluti af safna og menningarmálum og heyrir þar af leiðandi undir nefndina.

- 3) *Bréf frá Magnúsi Einarssyni.* Erindi barst frá Magnúsi Einarssyni, frumkvöðli í ferðamennsku. Erindinu var beint frá Safna og menningarmálanefnd þar sem nefndarmönnum þótti það ekki eiga erindi þar. Formanni falið að koma málinu til Bjarneyjar Ingu Sigurðardóttir forstöðumanns upplýsingamiðstöðvarinnar.
- 4) *Opin fundur um safna og menningarmál.* Ragnheiður Valdimarsdóttir lagði til að fundurinn, sem stefnt var að yrði í mars, yrði færður aftur og heldur haldinn um miðjan apríl. Þá mæltist Ragnheiður fyrir um að fá Arnþór Óskarsson ásamt Guðrúnu Jónsdóttir, forstöðumann Safnahúss Borgarfjarðar til þess að halda erindi á fundinum.
- 5) *Önnur mál.* Bjarki Hjörleifsson, formaður Leikfélagsins Grímnis kom með erindi frá leikfélaginu:

Varðandi húsnæði Leikfélagsins Grímnis.

Nú liggur fyrir að eignarhaldi húsnæðis Leikfélagsins Grímnis að Silfurgötu 7. hefur verið breytt. Eignarhaldið var lengi á reiki og langt síðan Leikfélagið lagði til úrbætur á húsnæðisvanda félagsins. Upphaf umræðunnar um eignarhald hússins á milli bæjaryfirvalda og leikfélagsins má rekja allt til 2009 þegar fundur var haldinn með þáverandi bæjarstjórn og stjórn Leikfélagsins. Síðan þá hefur félagið ítrekað átt í samskiptum við bæjaryfirvöld varðandi starfssemi félagsins, húsnæðisvanda þess og annarra mála er það varðar. Um langt skeið hefur Leikfélagið barist fyrir mannsæmandi húsnæði.

Nýverið var haldinn fundur þar sem formlega var gengið frá eignarhaldi Silfurgötu 7. Fundinn sátu skólastjóri Tónlistarskólans, skólanefnd skólans, stjórnandi Lúðrasveitar, bæjarritari, forseti bæjarstjórnar og lögmaður Stykkishólmsbæjar ásamt fjórum fulltrúum Lúðrasveitarinnar, frá þeim tíma er eignarhaldið var í þeirra höndum. Enginn frá Leikfélaginu Grímnis sat fundinn eða var svo mikið sem látinn vita að til stæði að eignarhaldi húsnæðisins yrði breytt.

Í fréttatilkynningu frá Stykkishólmsbæ kemur jafnframt fram að húsið fari á sölu von bráðar. Engin samskipti hafa átt sér stað á milli bæjaryfirvalda og Leikfélagsins Grímnis varðandi sölu húsnæðisins.

Síðast liðin 18 ár hefur Leikfélagið eitt staðið að notkun húsnæðisins, félagið hefur jafnframt séð um að borga hita og rafmagn og séð um húsnæðið samkvæmt samkomulagi. Leikfélagið hefur eitt félagasamtaka haft aðgang að húsinu þennan tíma að undanskildum stuttum tíma þar sem AA.samtökin héldu fundi sína þar. Húsnæðið hefur nýst Leikfélaginu á margvíslegan hátt en að sökum óræðis á eignarhaldinu og óvissu um hver raunverulega ætti að sjá um viðhald á húsinu hefur ástand þess orðið eins og raun ber vitni. Not Leikfélagsins hafa því verið minni eftir því sem að liðið hefur á. Húsið er samt sem áður, burt séð frá því hvernig það lítur út, hjartastaður Leikfélagsins og hefur verið í næstum því tvo áratugi.

Engum úr röðum Leikfélagsins Grímnis er kunnugt um að bæjaryfirvöld hafi á nokkrum tíma frá kosningum 2014 haft ráð við, eða önnur samskipti við Leikfélagið Grímnis þar sem félaginu var gert viðvart um breytingar á eignarhaldi hússins eða um fyrirhugaða sölu þess.

Leikfélagið Grímnis vill koma á framfæri óánægju sinni með að hafa ekki verið tilkynnt um gang mála og óskar þess jafnframt að unnið verði að úrbótum á húsnæðisvanda félagsins í samráði við félagið og framtíðarlausn fundin í því máli.

Fleira var ekki rætt á fundinum.

Fundi slitið kl 22:16

Bjarki Hjörleifsson